

## Skýrsla stjórnar Bí 2019

Skýrsla stjórnar að þessu sinni verður afar knöpp og einungis drepið á það allra nauðsynlegasta af augljósum ástæðum. Covid faraldurinn geysar nú sem aldrei fyrr. Við frestuðum aðalfundinum í vor vegna hans og töldum okkar hafa allt á þurru þegar við boðuðum til hans á nýjan leik fyrir rúmum mánuði síðan. Eftir það blosstaði faraldurinn upp aftur og virðist ekki vera í rénum nema síður sé. Sóttvarnarsjónarmið gerðu það nauðsynlegt að færa fundinn hingað á Grand hótél, en engu að síður er óheppilegt að halda fundi þegar svo háttar í samfélagini, enda tilmæli frá sóttvarnarlækni að halda allri starfsemi í lágmarki. Það var ekki kostur að fresta fundinum aftur, enda orðið stutt í næsta aðalfund og mjög lýðræðislegt en jafnramt afar flókið fyrirkomulag kosninga á aðalfundi Bí gerir það ómögulegt að hafa fundinn á fjarfundarformi, auk þess sem vafasamt er að lög félagsins heimili það.

Því erum við hér nú og reynum að hafa þetta eins skilvirk og kostur er. Ég mun því ekki að þessu sinni rekja það helsta sem boríð hefur við á liðnu starfsári eða fara ítarlega yfir verkefni félagsins. Það er stutt í næsta aðalfund eða innan við sex mánuðir og þá gefst vonandi gott tækifæri til þess að fara ítarlega yfir það helsta sem hefur boríð við á næstliðnum tveimur árum.

Það er tvennt sem hefur sett mark sitt á starfsemi Blaðamannafélagsins á liðnum misserum, annars vegar fyrstu verkfallsaðgerþir félagsins í 40 ár og hins vegar covid faraldurinn sem sett hefur allan heiminn úr skorðum. Verkfallsaðgerðirnar voru nauðsynlegar en erfiðar. Þegar upp er staðið voru þær líka árangursríkar á fleiri vegu en einn, stéttin sýndi samstöðu og styrk þrátt fyrir mjög erfitt rekstrarumhverfi fjölmíðla. Stéttarfélag er verkfæri og hættan er sú að verkfæri sem ekki er notað gangi úr sér og verði ónothæft. Við náðum fram mikilvægum atriðum í kjarasamningunum og sýndum fram á samstöðu stéttarinnar þvert á fjölmíðla, þrátt fyrir erfitt rekstraumhverfi þeirra og ótrúlegan ódrengskap í þeim aðferðum sem beitt var gegn okkur. Viið öfluðum okkur mikilvægrar reynslu í þessum átökum, sem mun nýtast okkur í framtíðinni, því baráttan heldur sannarlega áfram og lýkur aldrei, þegar kaup og kjör fólks er annars vegar.

Ég ætla ekki að orð lengja um verkfallsátókin frekar. Hitt sem markað hefur starfsemi félagsins undanfarið er auðvitað covid faraldurinn, sem setti hefur allt samfélagið á hliðina. Ég held að enginn hafa séð fyrir hversu afdrifríkt veirusmit getur verið fyrir heimsbyggðina og lærdómsríkt að fylgjast með og upplifa afleiðingarnar. Kjarni málsins er auðvitað sa að faraldurinn sýnir hversu háð við erum hvert öðru þegar allt kemur til alls og að margir hlutir sem maður hefur gengið að sem sjálfsögðum í daglegu lífi eru alls ekki sjálfsagðir!

Nog um það, vonandi getum við haldið aðalfund á fyrsta fjórðungi næsta árs án skugga veirunnar. Blaðamannafélagið skilaði afgangi á árinu 2019 í það heila tekið enn eina ferðina og bannig hefur það alltaf verið á liðnum árum. Tekjur hækka lítillega milli ára og minna en árið á undan og endurspeglar það þá erfiðlieka sem eru í rekstri fjölmíðla nú um stundir. Reksturinn er traustur og eignir félagsins hafa ávaxtast mikið á liðnum árum. Bókfærðar eignir nema nú tæpum 600 milljónum króna og þrátt fyrir það veit ég ekki um neitt stéttarfélag sem er að veita jafn miklu

# BLAÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS

Síðumúla 23 - 108 Reykjavík - Sími: 553 9155 - Bréfásmí 553 9177  
Netfang: [bi@press.is](mailto:bi@press.is) - Heimasiða: <http://www.press.is>



fjármunum til félagsmanna sinna árlega og Blaðamannafélagið gerir í gegnum endurmenntunar-, menningar- og styrktarsjóði félagsins. Þar að auki eigung við fjögur orlofshús víðs vegar um landið, sem er óvenju mikið í svo fámennu félagi og gerir það að verkum að tækifæri til orlofsdvalar eru aðgengileg öllum félagsmönnum hvenær sem er ársins.

Í framtíðinni þurfum við að vera á tánum varðandi útgjöld og leita leiða til að hafa reksturinn í hvívetna sem hagkvæmastann. Tvennt er það einkum sem við þurfum að hafa auga á. Annars vegar eru það útgjöld vegna sjúkradagpeninga, sem eru eðli málsins samkvæmt sveiflukennd frá ári til árs. Þau hafa verið mjög mikil undanfarin tvö ár og skýra að mestu það tap sem hefur verið á styrktarsjóði bæði árin. Nú horfir til þess að útgjöld vegna sjúkradagpeninga dragist verulega saman í ár og er það fagnaðarefn. Til framtíðar þarf hins vegar að vega og meta til hvaða ráða þarf að grípa ef einhverra. Önnur stéttarfélög hafa mörg hver gripið til þess ráðs að skerða sjúkradagpeninga verulega vegna ósjálfbærra útgjalda. Vonandi þurfum við ekki að grípa til þess ráðs en við þurfum að meta hvaða ráðstafanir tryggja hag sjóðsins til framtíðar.

Hitt eru orlofsmálin. Við eigung hús á Akureyri og í Stykkishólmi sem eru í mjög góðu standi og nýtast félagsmönnum okkar mjög vel. Orlofshúsini í Brekku eru hins vegar komin til ára sinna og eru barn síns tíma að mörgu leyti, byggð fyrir 40 árum síðan og lítil miðað við það sem tíðkast í dag eða um 50 fm og byggð á stólpum en ekki á steypum grunni. Þau hafa reynst okkur afskaplega vel en til lengri tíma litið þarf að huga að endurnýjun. Við höfum bætt við gestahúsi í Stóru-Brekku og einmitt þessa dagana er verið að koma þar fyrir saunahúsi og geymslu einnig. Breytingarnar hafa tekist mjög vel og mælst vel fyrir, en sýna manni líka hversu kostnaðarsamt það er að byggja á Íslandi og mikið á tak fyrir lítið félag. Hingað til höfum við keypt, byggt og endurnýjað fyrir eigið fé, án þess að skuldsetja okkur. Þannig þarf það að vera áfram, en það er mikilsvert að huga að þessu í tíma og hvernig best er að standa að þessum málum, sem eru bæði tímafrek og útgaldafrek fyrir lítið félag.

Ég vil þakka stjórnarmönnum fyrir samstarfið á liðnu starfsári og öðrum sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið. Þar hefur hvergi borið skugga á, starfið markast af eindrægni þrátt fyrir að erfið mál væru upp á borðum hvað varðaði verfallsátök, málshöfðanir og ályktanir um grundvallaratriði í faglegrí blaðamennsku. Ég er afar stoltur af því hvernig stjórnin tók á verkefnunum og afgreiddi þau ævinlega í eindrægni með sjónarmið faglegrar blaðamennsku að leiðarljósi. Ekkert er mikilvægara en það fyrir okkur sjálf og samfélagið allt.

Ég hef ákveðið að bjóða mig ekki fram á nýjan leik til formennsku í Blaðamannafélagi Íslands og læt þeim kafla hér með lokið. Næsta vor verða ellefu ár síðan ég taldi nauðsynlegt að bjóða mig fram til formennsku í Blaðamannaféluginu á nýjan leik verandi framkvæmdastjóri þess. Ég tel að reynslan hafi sýnt að það mat mitt hafi verið rétt. Það stóð aldrei til að formennskutíðin yrði þetta löng, en það fyrirkomulag að formaður í Blaðamannaféluginu er einungis kjörinn til árs í senn auðveldaði mér að slá til frá ári til árs. Þetta hefur verið góður tími og mikilvægur árangur náðst. Ég er stoltur af því sem við höfum gert á liðnum árum, en hætta skal leik þá hæst hann stendur. Ég yngist ekki og það er tímabært að ný kynslóð taki við merkinu. Ég er hins vegar ekki að hlaupa frá þessu verkefni og mun sinna starfi framkvæmdastjóra, eins og ég hef gert jafnhliða formennskunni hafi ég traust stjórnarinnar til þess.

Ég þakka gott hljóð.

  
Hjálmar Jónsson, formaður BlÍ